

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007, Ásbyrgi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007 frá 1. september 2000.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Reitur með blandaðri landnotkun fyrir verslun, þjónustu og íbúðir breytist í verslunar- og þjónustusvæði. Reiturinn minnkar úr 5,1 ha í 3,8 ha.
- Lega Ásbyrgisvegjar breytist og tenging hans við þjóðveg 85 færast um 400 m til austurs. Skilgreining vegjarins breytist úr stofnvegi í landsveg í samræmi við skilgreiningu Vegagerðarinnar.
- Opið svæði til sérstakra nota stækkar til norðurs vegna fyrirhugaðrar stækkunar tjaldsvæðisins.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kelduneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 20. september 2004.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.